

**LEIÐBEININGAR VIÐ REGLUR UM**  
**HÓPUNDANÞÁGUR FRÁ BANNÁKVÆÐUM 10. OG 12. GR**  
**SAMKEPPNISLAGA**

**INNGANGUR:**

Samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga eru allir samningar fyrirtækja og allt samstarf fyrirtækja sem hefur að markmiði eða hefur þau áhrif að samkeppni takmarkast eða komið er í veg fyrir samkeppni bannað. Á sama hátt segir í 12 gr. laganna að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögnum. Í 16. gr. samkeppnislaga er kveðið á um að unnt sé að veita undanþágu frá bannákvæðum 10. og 12. gr. laganna. Í 4. mgr. 16. gr. segir að samkeppnisráð setji reglur þar sem tilteknum flokkum (tegundum) samninga er veitt undanþága frá ákvæðum 10. og 12. gr. laganna. Undanþágur þessar ganga undir heitinu hópundanþágur.

Samkeppnisráð hefur gefið út reglur um hópundanþágur fyrir fjóra flokka samninga; flokka samninga um rannsóknir og þróun, flokka samninga um sérhæfingu, flokka samninga um tæknilega yfirfærslu og flokka lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða. Reglurnar vísa í efnisákvæði íslenska texta reglugerða framkvæmdastjórnar EB um sömu fjóra flokka samninga, þ.e. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2659/2000 frá 20. nóvember 2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um rannsóknir og þróun, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2658/2000 frá 29. nóvember 2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 240/96 frá 31. janúar 1996 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um tæknilega yfirfærslu og reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 2790/1999 frá 22. desember 1999 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða. Verður því að lesa texta reglugerða framkvæmdastjórnarinnar jafnhliða reglum samkeppnisráðs þegar reglunum er beitt.

Birtar hafa verið leiðbeiningar við hverjar einstakar reglur um hópundanþágu sem samkeppnisráð hefur gefið út og fara þær hér á eftir.

**HÓPUNDANÞÁGA FYRIR FLOKKA SAMNINGA UM RANNSÓKNIR OG**  
**ÞRÓUN (257/2002):**

Við útgáfu á reglum um hópundanþágu fyrir flokka samninga um rannsóknir og þróun er samningum sem falla undir gildissvið 10. eða 12. gr. samkeppnislaga og lúta að rannsóknum og þróun á vörum eða aðferðum og hagnýtingu á niðurstöðum rannsókna veitt undanþága frá bannákvæðum umræddra lagagreina uppfylli samningarnir ákveðin skilyrði. Framkvæmdastjórn EB hefur gefið út leiðbeiningar um lárétta samninga og fjallar hún um sex algengustu tegundir þeirra, þ.m.t. samninga um rannsóknir og þróun. Leiðbeiningunum er ætlað að vera til fyllingar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar.

## **TILGANGUR:**

Hópundanþágunni sem reglurnar sem hér um ræðir fela í sér er ætlað að hvetja lítil og meðalstór fyrirtæki til þátttöku í metnaðarfullum rannsóknum og tækniframförum og styðja viðleitni þeirra og þörf til samstarfs við rannsóknir. Hagkvæmni slíks samstarfs felst einkum í því að fjárfesting í rannsóknum og þróunarvinnu nýtist betur og rannsóknarverkefni geta orðið umfangsmeiri og hinni kostnaðarlegu áhættu við verkefnið er deilt á milli fleiri fyrirtækja.

## **EFNI:**

Til að reglurnar um undanþágu sem hér um ræðir eigi við, verður að vera um samninga milli tveggja eða fleiri fyrirtækja að ræða. Samningar þurfa að fjalla um sameiginlegar rannsóknir og þróun á vörum eða aðferðum og sameiginlega hagnýtingu á niðurstöðum þess samstarfs. Samningar sem varða sameiginlega hagnýtingu á niðurstöðum úr rannsóknum og þróun á vörum og aðferðum sem samningsaðilar hafa sameiginlega unnið að geta einnig fallið undir reglurnar. Loks geta samningar sem lúta að sameiginlegum rannsóknum og þróun á vörum eða aðferðum án þess að samningsaðilar hagnýti sér niðurstöður þeirra sameiginlega fallið undir hópundanþáguna.

Samningar um rannsóknir og þróun verða að uppfylla tiltekin skilyrði eigi þeir að njóta undanþágu samkvæmt reglunum. Fyrsta skilyrðið er að allir samningsaðilar hafi aðgang að niðurstöðum sameiginlegs rannsóknar- og þróunarstarfs, nema hvað rannsóknarstofnanir eða háskólar geta samið um að nota niðurstöðurnar eingöngu til frekari rannsókna. Annað skilyrði fyrir undanþágu er að taki samningar aðeins til sameiginlegra rannsókna og þróunar skal hverjum samningsaðila frjálst að hagnýta sér sjálfstætt niðurstöður þeirra og alla þá verkkunnáttu sem nauðsynleg er slíkri hagnýtingu. Sé ekki um keppinauta að ræða geta samningsaðilar takmarkað rétt sinn til hagnýtingar við tiltekin tæknisvið til að auðvelda samvinnu þar sem færni eins komi til fyllingar færni annars. Ef um samninga um sameiginlega hagnýtingu er að ræða er skilyrði fyrir undanþágu að hin sameiginlega hagnýting taki einungis til hugverka eða verkkunnáttu sem stuðli að verulegum tæknilegum eða efnahagslegum framförum og niðurstöður sameiginlegu rannsókna hafi úrslitabýðingu fyrir framleiðslu á þeim vörum eða þá þjónustustarfsemi sem samningarnir taka til. Að endingu er það skilyrði fyrir undanþágu að samþykki annar tveggja samningsaðila að framleiða vöruna A og hinn samþykkir að framleiða vöruna B skuli hvor um sig hafa aðgang að þeim vörum sem hinn framleiðir. Þá er búið að tryggja að báðir samningsaðilar séu í stakk búnir til að keppa á viðkomandi markaði. Ákvæðið kveður einnig á um að þetta sé ekki nauðsynlegt ef aðilar eru með sameiginlega dreifingu.

Rétt er að áréttta að ofangreind skilyrði eiga aðeins við brjóti samningar í bága við bannregluna í 10. gr. samkeppnislaga. Takmarki samningar ekki samkeppni vegna þess t.d. að samningsaðilar eru ekki keppinautar eða um er að ræða hreina samninga um rannsóknir og þróun er ekki nauðsynlegt að þeir uppfylli áðurnefnd skilyrði.

## **MARKAÐSHLUTDEILD:**

Í reglugerð framkvæmdastjórnar EB sem er hluti af þeim reglum samkeppnisráðs sem hér um ræðir koma fram viðmiðunarmörk fyrir markaðshlutdeild samningsaðila og gildistíma undanþágu. Ef um samninga fyrirtækja sem eru ekki í samkeppni er að ræða skiptir markaðshlutdeild aðila ekki máli. Þegar um samninga um sameiginlega hagnýtingu á niðurstöðum rannsókna og þróunar er að ræða gildir undanþágan áfram í sjö ár frá þeim tíma er vörur sem samningurinn tekur til eru markaðssettar í fyrsta sinn á

innanlandsmarkaði. Eftir sjö ára tímabilið á undanþágan aðeins við að því tilskyldu að samanlögð markaðshlutdeild samningsaðila fari ekki yfir 25% af viðkomandi markaði. Ef samningsaðilar eru keppinautar gildir undanþágan með því skilyrði að samanlögð markaðshlutdeild þeirra fari ekki yfir 25% af viðkomandi markaði.

**ALVARLEGAR SAMKEPPNISTAKMARKANIR:**

Innihaldi samningur eitt eða fleiri eftirfarandi ákvæða fellur undanþágan niður hvað varðar samninginn í heild sinni:

- a) að samningsaðilum sé óheimilt að vinna sjálfstætt að rannsóknar- og þróunarverkefnum á sviðum sem eru ótengd samningi aðila eða á samningssviðinu eftir að samningstíma er lokið,
- b) að samningsaðilum sé óheimilt eftir lok rannsóknar- og þróunarverkefnis að véfengja gildi þeirra hugverkaréttinda sem tengjast rannsóknar- og þróunarverkefninu eða niðurstöðum þess,
- c) að samningsaðilum séu settar takmarkanir hvað varðar framleiðslu eða sölu, nema sölu eða framleiðslutakmörkun sé nauðsynleg vegna sameiginlegrar hagnýtingar framleiðslu eða sölupátta,
- d) að samningsaðilar hafi samráð um verð vegna sölu til þriðja aðila
- e) að samningsaðilar banni óvirka sölu samningsvara á yferráðasvæðum annarra samningsaðila
- f) að samningsaðilar banni markaðssetningu eða beina sölu á yferráðasvæðum annarra sjö árum eftir fyrstu markaðssetningu vörunnar,
- g) að samningsaðilar séu skyldaðir til að hindra samhliða innflutning.